

Lög Golfklúbbsins Vestarr Grundarfirði

1.grein

Nafn klúbbsins er Golfklúbburinn Vestarr skammstafað GVG heimili hans og varnarþing er í Grundarfirði. Klúbburinn er aðili að HSH, UMFÍ – ÍSÍ og GSÍ. Tilgangur og markmið klúbbsins er að glæða og viðhalda áhuga á golfíþróttinni. Klúbburinn stendur fyrir golfæfingum, golfmótum og annarri félagsstarfsemi sem tengist íþróttinni.

2.grein

Við golfleik skal fara eftir St. Andrews golfreglum eins og þær eru á hverjum tíma. Sérreglur setur stjórnin eftir því sem þurfa þykir. Sérhver félagi er skyldur til að fara eftir þeim reglum sem stjórnin setur um leikinn og umferð og umgengni á golfvellinum og golfskála. Stjórn skal sjá til þess að leikreglur, umgengnisreglur og siðareglur liggi að jafnaði frammi. Breytingar sem verða kunna á þessum reglum skal stjórn auglýsa rækilega.

3. grein

Um inngöngu í klúbbinn skal sækja skriflega. Inntaka nýrra félaga er háð samþykki stjórnar, sem getur frestað inntöku til félagsfundar. Stjórn getur sett þau skilyrði fyrir inntöku í klúbbinn að umsækjandi hafi fengið leiðsögn kennara eða fullgilds klúbbfélaga og hafi sótt námskeið eða fyrirlestur um siðareglur, leikreglur og aðrar þær reglur sem félagar lúta. Erlendir ríkisborgarar geta einnig sótt um inngöngu í klúbbinn, en um aðild þeirra gilda sérstakar reglur sbr. 4.grein. Inngöngugjald er ákveðið á aðalfundi hverju sinni.

4.grein

Aðalfundur ákveður árgjald næsta starfsárs að fenginni tillögu stjórnar. Erlendir ríkisborgarar búsettir hér um stundarsakir eða um lengri tíma geta óskað eftir inngöngu í klúbbinn og greiði sömu árgjöld. Erlendir ríkisborgarar, sem ekki eru búsettir hér á landi greiða árgjald eða ævigjald samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni. Erlendir ríkisborgarar bera sömu réttindi og skyldur sem aðrir meðlimir klúbbsins fyrir utan að þeir hafa ekki atkvæðisrétt á aðalfundi eða almennum félagsfundum, nema þeir séu meðlimir klúbbsins. Erlendir ríkisborgarar hafa ekki aðild að GSÍ eða ÍSÍ. Farandverðlaun sem útlendingar kunna að vinna skulu geymd hjá klúbbnum. Stjórn getur á aðalfundi borið fram og leitað samþykkis tillagna um sérstök aukaframlög klúbbfélaga.

5.grein

Aðalfundur ákveður árgjald. Stjórn sér um innheimtu gjalda og ákveður gjalddaga. Þeir sem ekki greiða árgjald fyrir eindaga fyrirgera rétti sínum sem félagar klúbbsins og fá m.a. ekki að taka þátt í keppni fyrr en árgjald hefur verið greitt eða samið um greiðslu þess. Úrsögn úr klúbbnum er bundin við áramót, enda berist hún skriflega til ritara fyrir lok desember mánaðar.

6.grein

Stjórn klúbbsins skipa: Formaður, ritari, gjaldkeri og formenn nefnda annarra en skemmtinefndar samanber grein 8. Skulu formaður, ritari og gjaldkeri kosnir skriflega á aðalfundi. Formaður til eins árs í senn en ritari og gjaldkeri til tveggja ára í senn. Stjórnarmenn má endurkjósa gefi þeir kost á sér. Tveim vikum fyrir aðalfund skal stjórn skipa 3 manna kjörnefnd. Einn nefndarmanna skal vera í stjórn. Kjörnefnd skal leita eftir framboðum til embætta sem kjósa skal í og sjá til þess að a.m.k. einn frambjóðandi sé til hvers þeirra. Stjórnin getur jafnframt falið kjörnefnd að leita eftir framboðum eða tillögum um skipan nefnda, sbr.8.grein. Komi fram fleira en eitt framboð, fyrir eða á aðalfundi, um formennsku í nefndir skal kosið í þá nefnd á aðalfundi samhliða kosningu stjórnar.

7.grein

Stjórnin ákveður sjálf starfstilhögun sína (sjá þó 8.grein). Hún getur ráðið sér launaða aðstoð og fær bein útgjöld greidd úr félagssjóði en vinnur sjálf ólaunuð. Hún kemur fram fyrir hönd klúbbsins í fullu umboði hans í öllum málum sem hann varða. Þá þarf samþykki félagsfundar til stórra ákvarðanna sem hafa mikil fjárútlát í för með sér. Hún getur tilnefnt heiðursfélaga er sérstakar ástæður eru fyrir hendi, enda leiti hún fundarsamþykkis á því. Stjórnin skal rækta samband við klúbbfélaga og kynna þeim mikilsverð mál er varða starfsemi klúbbsins á félagsfundum eða opnum stjórnarfundum.

8.grein

Á vegum stjórnar skulu að jafnaði starfa þessar nefndir:

1. Móta og forgjafarnefnd
2. Vallar og aganefnd, undirnefnd Véla og Tækjanefnd
3. Kvennanefnd
4. Fjáröflunarnefnd
5. Unglinga- og nýliðanefnd
6. Skálanefnd
7. Skemmtinefnd

Tvær fyrst töldu nefndirnar starfa samkvæmt reglum GSÍ en hinar fimm sem hér segir:

Skemmtinefnd sér um fræðslu- og skemmtisamkomur, meðal annars að vetrarlagi, kynningarsamkomur svo sem skemmtanir í tengslum við meiriháttar kappleiki. Skemmtinefnd sér um að halda árshátíð/uppskeruhátíð að loknu sumarstarfi.

Fjáröflunarnefnd leitast við að afla klúbbum fjár til styrktar starfseminni, til dæmis með auglýsingum sem geta verið á skorkortum, árskortum, teigamerkjum og í eða á klúbbhúsi. Í samvinnu við skemmtinefnd getur hún staðið fyrir veitingasölu á kynningarsamkomum o.fl.

Unglinga- og nýliðanefnd annast unglingsstarf innan klúbbsins. Hún aðstoðar unglinga í leik og keppni, hvetur þá til æfinga og fær þeim þjálfara eða tilsögn eftir því sem kostur er. Auk þess er hún unglingum innan handar í unglingskeppnum. Nefndin er byrjendum í íþróttinni

til aðstoðar. Hún fær þeim kennara eða tilsagnarmenn í upphafi og sér til þess að þeir verði færir um að leika á vellinum á eigin spýtur án þess að valda skaða eða vandræðum. Hún kynnir nýliðum siðareglur og leikreglur og hefur umsagnarskyldu gagnvart stjórninni um inntöku nýrra félaga. Í hverri þessara nefnda skulu vera 3-5 menn.

Skálanefnd sér um að starfsmenn hirði skála þannig að sómi sé að og sér um allar meiriháttar breytingar á skála, sbr starfslýsingu

Véla og tækjanefnd sér um að tækin séu yfirfarin að vori og hausti og tekur allar meiriháttar ákvarðanir hvað varðar viðhald og umsjón sbr starfslýsingu.

9.grein

Aðalfundur er æðsta vald í öllum málefnum klúbbsins. Aðalfundurinn skal halda fyrir 30. nóvember ár hvert. Á öðrum tíma ársins getur stjórn boðað til almenns félagsfundar ef henni þykir henta eða ef a.m.k. 10 félagar óska þess skriflega með rökstuðningi. Slíkan fund skal halda innan þriggja vikna frá móttöku slíkrar beiðni. Aðalfundur skal auglýsa með 2 vikna fyrirvara og aðra félagsfundir skal auglýsa með a.m.k. viku fyrirvara. Í fundarboði skal tilgreina dagskrá. Tillögur til lagabreytinga eða breytinga á starfstilhögun skulu hafa borist 7 dögum fyrir auglýstan fundartíma.

10. grein

Reikningsár klúbbsins er almanaksárið. frá 1. nóvember til 31. október Endurskoðaðir reikningar klúbbsins skulu lagðir fyrir aðalfund til samþykktar.

Þessi eru störf reglulegra aðalfunda:

1. Kosning fundarstjóra.
2. Kosning fundarritara.
3. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á liðnu starfsári.
4. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.
5. Umræður og atkvæðagreiðslur um skýrslu stjórnar og ársreikninga.
6. Framkomnar tillögur og fjárhagsáætlun.
7. Kosning formanns
- 8 Kosning ritara / gjaldkera
9. Kosning og /eða tilnefning í aðrar nefndir, sbr. 8.grein.
10. Kosnir 2 endurskoðendur og einn til vara.
11. Önnur mál.

11. grein

Aðalfundur er löglegur og ályktunarhæfur um öll málefni klúbbsins sé löglega til hans boðað. Afl atkvæða ræður á fundum. Atkvæðisrétt hafa þeir félagar sem náð hafa 16 ára aldri. 2/3 hlutar atkvæða þarf til að samþykkja breytingar á lögum. Aðalfundur skal kjósa fundarstjóra og fundarritara eftir tillögum stjórnar. Í fundarlok skal lesa upp fundargerð og bera til samþykktar. Séu fundargerðir þannig samþykktar og undirritaðar af fundarstjóra og



fundarritara auk viðstaddra stjórnarmanna skoðast þær rétt sönnunargögn um ákvarðanir fundarins.

12. grein

Sérstakur fundur þarf að ákveða hvort klúbburinn hætti starfi. Til að þær ákvarðanir teljist lögmætar þurfa 2/3 hlutar félaga að vera á fundi og 2/3 þeirra samþykkja tillögu þess efnis. Sé þátttaka ekki næg má boða til nýs fundar innan þriggja vikna og er hann ályktunarhæfur um þetta mál sé hann löglega boðaður enda þótt fyrrgreindri fundarþátttöku sé ekki náð.

13. grein

Lög þessi samþykkt 27. júlí 1995

Breytt 31. janúar 2010.